

*Tillaga:*

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að setja af stað starfshóp til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ. Starfshópurinn skal skipaður þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarráði. Bæjarráð skal setja starfshópnum erindisbréf þar sem m.a. kemur fram markmið, ábyrgðaraðili og skil á greinargerð og tillögum. Starfsmaður hópsins verður verkefnastjóri á bæjarskrifstofunum auk annarra starfsmanna Garðabæjar sem starfa með hópnum eftir þörfum.

*Greinargerð:*

Bæjarstjórn Garðabæjar vill stuðla að því að Garðabær verði í fararbroddi stafrænnar framþróunar og þjónustu fyrir íbúa og viðskiptavinum sveitarfélagsins. Á undanförunum árum hefur mikil tækniþróun átt sér stað og ferlar og vinnubrögð tekið breytingum. Framundan er enn meiri þróun á sviði upplýsingatækni og fjórða iðnbyltingin er hafin sem gengur m.a. út á að tengja saman þá tækni sem nú er til staðar m.a. með gervigreind og sjálfvirknivæðingu. Þessi þróun mun hafa mikil áhrif á samfélagið í heild á næstu árum. Mikilvægt er að Garðabær móti sér stefnu og sýn um hvernig stafræn framtíð getur aukið lífsgæði íbúa Garðabæjar. Það er meðal annars hægt með því að gera stafræna þjónustu aðgengilega og sniðna að þörfum notenda. Með skilvirkari og bættum vinnuferlum í stafrænni þjónustu er hægt að bæta afgreiðslu mála og upplýsingagjöf. Stafræn vegferð sveitarfélagsins er samstarfsverkefni þvert á svið og byggja þarf upp þekkingu stjórnenda og starfsmanna til að vinna að stafrænni framþróun.

Sveitarfélög eiga í auknum mæli eftir að nýta sér þjónustu island.is sem er miðlæg stafræn þjónustugátt sem hefur það meginmarkið að auðvelda samskipti einstaklinga og atvinnulífs við hið opinbera. Ísland hefur einnig hafið innleiðingu á Straumnum (X-Road) sem er gagnaflutningslag sem er ætlað að auðvelda samskipti milli upplýsingakerfa á öruggan hátt. Sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki í landinu geta í framtíðinni nýtt sér Strauminn til að flytja gögn sín á milli með það að markmiði að bæta þjónustu við almenning.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er starfandi breytingastjóri stafrænnar þjónustu sem vinnur að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun. Það eru tækifæri fólgin í því að taka þátt í samstarfsverkefnum sveitarfélaga um hvernig nýta megi nútímataækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúa.

Vorið 2019 var lagt fram minnisblað í bæjarráði Garðabæjar um snjalllausnir og snjallvæðingu sveitarfélagsins. Snjalllausnir og nýsköpun þeim tengd er hluti af stafrænni framþróun og ætti að skoða samhliða.

Kortlagning stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ er mikilvægt veganesti inn í framtíðina til að öflug og góð þjónusta verði enn betri.

*Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs*